



Þöggun: Er hún til staðar í mannfræði?
Gagnrýni á forréttindi, völd og sýnileika

Vala Björg Valsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið

Júní 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þöggun: Er hún til staðar í mannfræði?
Gagnrýni á forréttindi, völd og sýnileika

Vala Björg Valsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: James Gordon Rice

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Vala Björg Valsdóttir 2015

180390-2439

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2015

Údráttur

Í þessari ritgerð verður leitast eftir við að svara eftirfarandi spurningunum: Eru raddir kvenna þaggaðar niður innan mannfræðinnar? Hefur feminísk mannfræði (kynjamannfræði) opnað fræðin fyrir konur en mögulega þaggað niður raddir kvenna í minnihlutahópum enn frekar? Getur þöggun verið kerfisbundin og ómeðvituð? Farið verður yfir upphaf feminískrar mannfræði eftir 1970 og þá gagnrýni sem sætti frá jaðar hópum, með sérstakri áherslu á gagnrýni afró-amerískra kvenna. Meint þöggun kvenkyns mannfræðinga verður rannsökuð sem og þöggunarkenningin sem fyrst var sett fram af Edwin Ardener. Einnig verður farið yfir aðrar kenningar og hugtök sem eru mjög tengd þöggunarhugtakinu. Skoðaðar verða mannfræðilegar rannsóknir sem hafa verið gerðar innan menntastofnanna, í framhaldinu verður fjallað um gagnrýni á þöggun og valdamisrétti innan mannfræði deilda í fræðisamfélagsins. Þannig mun verða leitast við að varpa ljósi á þá þöggun og valdamisrétti sem konur (og þá sérstaklega konur í minnihlutahópum) verða fyrir í störfum sínum innan mannfræðinnar.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Kynjamannfræði.....	5
1.1 Þróun femínískrar mannfræði	5
1.2 Gagnrýni frá jaðrinum	9
2 Þöggun.....	13
2.1 Þöggunarkenningin.....	13
2.2 Vald.....	14
2.3 Hvítleiki, forréttindi og kynþáttabundið dulmál.....	16
3 Ómeðvitað misrétti	19
3.1 Mannfræði og menntun	19
3.2 Misrétti innan skólastofnanna	20
3.3 Jaðarinn og akademían.....	23
4 Umræða og lokaorð	29
Heimildaskrá.....	34

Inngangur

Eru raddir kvenna þaggaðar niður innan mannfræðinnar? Hefur femínísk mannfræði (kynjamannfræði) opnað fræðin fyrir konur almennt en um leið mögulega þaggað niður konur í minnihlutahópum frekar? Getur þöggun verið kerfisbundin og ómeðvituð? Þetta eru þær rannsóknarspurningar sem verður leitast við að svara í þessari ritgerð. Með yfirliti yfir femíníska mannfræði og með því að fara stuttlega í mannfræði valds og menntunar, þá má sjá að þöggun er til staðar. Þöggun sem greiningartæki og hugtak er aftur á móti ekki vel þróað innan fræðanna. Markmið ritgerðarinnar er því að varpa ljósi á þöggun sem ómeðvitað form misréttis og skoða tengsl og samtvinnun ýmissa hugtaka tengdum þöggun.

Efni ritgerðarinnar krefst þess að stuðst sé við rannsóknir úr tengdum fögum, líkt og mannfræði menntunar og kynjafræði. Þó svo að einblínt verði á bandarískt samfélag verður einnig stuðst við rannsóknir annarsstaðar frá, þá einkum frá Kanada.

Í fyrsta kafla verður fjallað um þöggun í sögulegu samhengi og þróun femínískrar mannfræði. Mikið gerist í kringum 1970 í hinum vestræna heimi, réttindabarátta svartra er í hámarki og önnur bylgja femínismans hefur mikinn meðbyr. Margt breytist innan mannfræðinnar, nýjar kenningar verða til og kvennamannfræði verður að fagi. Í kafla 1.1 verður farið yfir sögu kynjamannfræðinnar og mikilvæg greinasöfn skoðuð (sjá Rosaldo og Lamphere, 1974; Reiter, 1975; Ardener, 1975; McClaurin, 2001; o.fl.) sem mótuðu femíníska mannfræði og mikilvægar greinar innan þeirra. Í kafla 1.2 verður skoðuð sú gagnrýni sem femínísk mannfræði hefur fengið á sig frá jaðar hópum, en sú gagnrýni endurspeglar mjög þá gagnrýni sem konur innan mannfræðinnar höfðu gagnvart mannfræði og karlaslagsíðu hennar þegar femínísk mannfræði var að mótast.

Í öðrum kafla verður skoðað hvernig þöggun sem hugtak og kenning hefur þróast innan mannfræðinnar. Tengsl hugtaksins við önnur hugtök verða rannsökuð og þá sérstaklega við hugtakið vald. Í kafla 2.1 verður farið yfir þöggunarkenningu Edwin Ardener sem kom fyrst fram á sjónarsviðið 1968

(Lewin, 2006) og hafði áhrif á mótun femínískrar mannfræði. Ardener var mannfræðingur og er áhugavert að skoða hvernig kenning hans hefur þróast og mótast. Einnig verður fjallað um hugmyndir Susan Gal (1989) og Cheri Kraemer (2005) um þöggunarkenninguna í sama kafla. Kafli 2.2 fjallar um þær myndir sem þöggun tekur á sig og skoðað verður hvernig vald og þöggun samtvinnast oft á tíðum. Pólítískt vald er sérstaklega tekið fyrir og hvernig pólítísk hagfræði og strúktúralískt vald vinna saman. Í kafla 2.3 verða nokkur tiltölulega ný hugtök tekin fyrir sem tengjast þöggun og valdi ásamt því að skoða forréttindi sem hugtak.

Í þriðja kafla verður fjallað um þöggun sem kerfisbundið og ómeðvitað form misréttis í samhengi við efni kaflanna sem á undan koma. Einblínt verður á rannsóknir og etnógrafíur sem gerðar hafa verið innan menntastofnanna tengdum konum og kynþætti. Þó svo að verulegt magn af gögnum komi frá Bandaríkjunum verða dæmi frá nágrannalöndum einnig tekin. Í 3.1 verður farið stuttlega yfir mannfræði menntunar (e. *educational anthropology*) og gagnrýna kenningu um kynþætti (e. *critical race theory*). Í kafla 3.2 verður misrétti innan skólastofnanna skoðað og verða tvær rannsóknir sem gerðar voru í Bandaríkjunum til umræðu. Í 3.3 verður fjallað almennt um þá þöggun sem einstaklingar og þá sérstaklega konur, geta orðið fyrir innan veggja háskóla. Síðan verður farið nánar í reynslu kvenna af jaðrinum og það misrétti sem þær kunna að verða fyrir innan mannfræðinnar og þá sérstaklega reynslu svartra kvenkyns mannfræðinga.

Það er þarft verkefni að skoða menntakerfið í samhengi við þöggun og misrétti því menntun er talin mikilvæg undirstaða í bandarísku samfélagi. Menntun er oft talin vera svarið við misrétti og auðvelt er að renna stoðum undir þá fullyrðingu. En á sama tíma má sjá merki þess að þöggun og valdamisræmi eigi sér stað innan þessara stofnanna, mögulega ómeðvitað og kerfisbundið. Þetta vandamál er eitthvað sem mun verða rannsakað í þá átt í þessari ritgerð.

1 Kynjamannfræði

1.1 Þróun femínískrar mannfræði

Mannfræði á 8. áratugnum varð fyrir miklum áhrifum frá réttindabaráttu svartra í Bandaríkjunum og því andófi sem átti sér stað gagnvart stríðinu í Víetnam. Önnur bylgja femínismans var einnig í gangi á þessum tíma og hafði hún mikil áhrif á kvennamannfræðina sem tók á sig mynd upp úr 1970. Fagið þróaðist út frá þeirri skoðun að konur komi lítið fyrir í mannfræðilegum rannsóknum og að helsta vandamálið innan fræðanna sé karlaslagsíða (e. *male bias*). Fagið snýst þar með ekki um það að konur vanti í mannfræði, heldur að það þurfi að endurhugsa og sundurgreina kenningakerfið (Moore, 1988). Í inngangi bókarinnar *Toward an Anthropology of Women* biður Rayna R. Reiter (1975) lesendur bókarinnar um að vera gagnrýnir á skrif mannfræðinga um konur og hafa ávallt í huga hverjir það voru sem söfnuðu upplýsingum og á hvaða forsendum þær fengust. Kenningar eru undirstaða þess hvernig við söfnum, greinum og kynnum gögnin og hlutleysi er sjaldan partur af því, þrátt fyrir góðan ásetning (Reiter, 1975).

Mannfræðina skorti alls ekki kvenkyns fræðimenn á þessum fyrstu árum en hins vegar var algengt að þessar konur féllu í gleymsku. Margar ástæður geta legið þar að baki. Þar á meðal var oft erfitt fyrir konur að fá efni sitt birt og ekki var tekið mark á þeim vegna þess að þær þóttu ekki nógu fræðilegar. Sumir telja þá staðreynd að lítið sé vitnað í verk kvenna í fræðigreinum vera stór partur af ósýnileika kvenna í faginu (Lewin, 2006). Margaret Mead er reyndar frávik hvað þetta varðar en hún var meðal þekktustu mannfræðinga síns tíma bæði innan og utan fræðanna. Hún varð mjög vinsæl í Bandaríkjunum eftir að hún gaf út bókina *Coming of Age in Samoa* árið 1928, en sú bók var mjög umdeild. Hún var fyrst og fremst etnógráfía en var einnig ætluð sem gagnrýni á bandarískt samfélag, en Mead færði rök fyrir því að það væru engin algild lögmál til um kynhegðun kvenna (McGee og Warms, 1996). Margir telja að sýnileiki bæði Margaret Mead og annars kvenkyns mannfræðings, Ruth Benedict, hafi opnað fagið fyrir konum frekar en rannsóknir og kenningar þeirra (Lewin, 2006).

Þöggunarkenning Edwin Ardener hafði mikil áhrif og var fyrst kennd af Phyllis Kaberry árið 1968 en var seinna gefin út í bókinni *Perceiving Women* árið 1975 (Lewin, 2006). Bókinni var ritstýrt af Shirley Ardener og er ein af þeim mikilvægu ritum sem mótuðu kvennamannfræði sem fræðigrein. Edwin Ardener (1975) segir eitt helsta vandamálið vera það að mannfræði sé karllægt fag og þar með séu karlmenn ríkjandi hópur innan þess. Hann dregur upp ósýnileika kvenna í etnógráfum sem eitt af helstu vandamálunum, þar sem konur eru í raun aðeins sýnilegar til að upphefja karlmenn. Þær eru einungis skoðaðar sem hluti af til að mynda sífjakerfum, en eru í raun aldrei skoðaðar sem persónur með gerendahæfni (Ardener, 1975a).

Önnur grein sem reyndist mikilvæg í mótun fræðigreinarinnar var grein Sherry Ortner (1974) „Is female to male as nature is to culture?“. Hún birtist í greinasafninu *Woman, Culture and Society* sem kom út árið 1974 og var ritstýrt af Michelle Z. Rosaldo og Louise Lamphere. Þær lögðu áherslu á þá hugmynd að ójafnrétti væri veraldlegt, að allstaðar í heiminum væru konur undirokaðar af karlmönnum og þar með væri hægt að finna algilda orsök fyrir kynjamisrétti. Gegnumgangandi í greinunum í bók þeirra var gagnrýni á þær hugmyndir að hlutverk kvenna væri minna virði en hlutverk karla og að hlutverk kvenna væri í heimarými (e. *private*) á meðan hlutverk karla væri í almannarými (e. *public*) (Lewin, 2006). Ortner (1974) leitaði eftir útskýringu á þessu algilda misrétti með því að skoða táknræna birtingarmynd kvenna í mismunandi menningarheimum. Hún taldi orsökina vera þá að á flestum stöðum í heiminum eru konur tengdar við eitthvað sem er almennt talið lítils virði, eða minna virði en það sem karlar eru tengdir við. Samkvæmt Ortner var þetta sameiginlega tákn kvenna náttúra, á meðan sameiginlegt tákn karla var menning. Konur skapa börn með líkama sínum, á meðan karlmenn verða að nota utanaðkomandi tækni til að skapa. Menning er talin yfir náttúru hafin og þar með eru konur undirokaðar af körlum (Ortner, 1974). Þessi kenning Ortner hafði gríðarleg áhrif á framþróun kvennamannfræðinnar. Hún bjó til grundvöll fyrir það að tengja kynjað

hugmyndakerfi við staðalímyndir. Hlutverk kvenna eru þar með alveg jafn félagslega mótuð og hlutverk karla (Morris, 2006).

Árið 1975 ritstýrði Rayna R. Reiter greinasafninu *Toward an Anthropology of Women*. Hún er sammála hugmyndum Rosaldo og Lamphere að einhverju leyti en setur þó spurningarmerki við veraldlegt ójafnrétti kynjanna. Hún bendir á að það þurfi að hafa í huga tvöfalda karlkyns hlutdrægni (e. *male bias*), þar sem fræðimenn eru skilyrtir og sjá ósjálfrátt mynstur um yfirræð karla og líta þar með framhjá framlögum kvenna. Þetta á við um bæði kynin. Greinasafn Reiter undirstrikar hvernig karlaslagsíða hefur haft áhrif á mótun mannfræðilegrar þekkingar (Lewin, 2006). Reiter (1975) segir mannfræði hafa þróað fræðilegt kenningasvið sem skilur líffræði og náttúru frá menningu þegar um er að ræða kynþátt, en þegar það kemur að kyni er mjög stuttur þráður þar á milli. Hún telur því sjálfsrýni vera eitt af þeim tækjum sem hægt er að nota til að bæta úr og berjast gegn karlaslagsíðunni. Reiter segir mikilvægt að endurskoða gamlar kenningar, vera gagnrýnin á hvað teljist sem áreiðanlegar heimildir og að endurmóta þurfi mikilvægar spurningar.

Ein grein í bók Reiter „Woman the gatherer: male bias in anthropology” gagnrýnir hvernig litið hafi verið framhjá hlutverki kvenna í þróunarsögu mannkynsins, en hún var skrifuð af líffræðilega mannfræðingnum Sally Slocum (2008 [1975]). Hún ítrekar það að mannfræði hafi verið þróuð mestmegnis af hvítum vestrænum karlmönnum á ákveðnum tímamarki í sögunni. Hún segir sögulegt samhengi móta skoðanir og hafa áhrif á þróun sögu í nútíma, sem hefur aftur hindrandi áhrif á framlag og stöðu kvenna í dag og hvernig hlutverk kvenna er rannsakað í sögulegu samhengi (Slocum, 2008 [1975]). Ekki ólíkt Ardener (1975a) telur hún að eitt af þeim hlutverkum sem mannfræðingur tekur að sér sé að hugsa út frá karllægu sjónarhorni og Slocum (2008 [1975]) bætir einnig við að „...þar með ætti það ekki að koma á óvart að konur spyrji sömu spurninga og karlar.” (bls. 443).

Gayle Rubin (1975) átti einnig grein í bók Reiter sem hafði mótandi áhrif á upphaf femínískrar mannfræði. Hún segir að til sé ákveðið kerfi sem hún kallar

„kyn/kyngerva kerfi” (e. *sex/gender system*), þar sem líffræðilegt kyn er aðlagð að félagslegu kerfi og mannlegri hegðun. Rubin segir Freud og Lévi-Strauss eiga stóran þátt í mótun þessa kerfis þó svo að það hafi verið ómeðvitað. Hún segir það vera fráleita hugmynd að aðskilja kynin og líkja þeim við dag og nótt eða einhverskonar andstæður í náttúrunni því út frá líffræðilegum grundvelli eru maður og kona næst hvort öðru í náttúrunni, en ekki fjöllum eða dýrum (Rubin, 1975).

Með aukinni áherslu á konur í faginu ákváðu nokkrir mannfræðingar að endurskoða etnógrafíur sínar. Hjónin Robert og Yolanda Murphy fóru aftur á vettvang til að skoða hlutverk kvenna, sem hafði í fyrstu etnógrafíu þeirra verið alfarið greint út frá sjónarhorni karla. Aðrir mannfræðingar, þar á meðal Jane Goodale og Annette Weiner, endurskoðuðu etnógrafíur annarra og skoðuðu hlutverk kvenna þar sem hafði algerlega verið horft framhjá þeim eða hlutverk þeirra alfarið skoðuð út frá sjónarhorni karla (Lewin, 2006). Weiner (1988) ætlaði sér í fyrstu ekki að skoða hlutverk kvenna í þeim mæli sem hún gerði. Hún gerði rannsókn á Tróbríand eyjum, á sama stað og Malinowski gerði sína frægu etnógrafíu *Argonauts of the Western Pacific* frá árinu 1922. Hún komst að því að hlutverk kvenna var talsvert viðameira en Malinowski gerði grein fyrir og tók hún þá sérstaklega eftir vöruskiptum á milli kvenna, nokkuð sem Malinowski hafði ekki fjallað um. Weiner (1988) tekur það þó fram að með sinni rannsókn sé hún ekki að lítillækka Malinowski eða að draga í efa rannsóknir hans og það er greinilegt að Weiner ber mikla virðingu fyrir Malinowski. Bæði tíminn sem leið frá því að Malinowski dvaldi á Tróbríand eyjum sem og mismunandi áherslur rannsækenda er aðeins brot af því sem Weiner segir geta hafa haft áhrif á ólíkar niðurstöður hennar og Malinowski (Weiner, 1988).

Það er áhugavert að bera nálgun Weiner, sem endurskoðar etnógrafíu Malinowskis af virðingu, saman við nálgun mannfræðingsins Derek Freeman sem gagnrýndi Margaret Mead harðlega fyrir etnógrafíu sína á Samóaeyjum. Freeman heldur því fram að Mead hafi fengið misvísandi eða hreinlega rangar upplýsingar frá viðmælendum sínum. Hann gerði sína eigin rannsókn á Samóaeyjum, þar sem

hann gagnrýnir þær upplýsingar sem henni voru gefnar og setur fram eigin rannsóknarspurningar sem ekki eru þær sömu og þær sem Mead studdist við. Hann telur Mead ekki hafa gert nógu vísindalega rannsókn og fjallar svo um hvernig hann telur að hún hefði átt að framkvæma rannsókn sína (Strathern, 1983). Marilyn Strathern (1983) gagnrýnir Freeman fyrir að vera harðorður gagnvart Mead og að hann beri litla sem enga virðingu fyrir henni og virðist aðeins vilja afsanna rannsóknir hennar. Strathern segir gagnrýni hans þannig byggjast á litlu öðru en því að Mead var ung, reynslulítill og kvenkyns.

1.2 Gagnrýni frá jaðrinum

Í fyrstu snérist femínísk mannfræði einfaldlega um að koma konum að. Kvennamannfræðin einbeitti sér að því hvað konur ættu sameiginlegt, miklu frekar en hvað skildi þær að. Talað var um systrabönd kvenna í fjölmenningslegu samhengi. Það var greinilegt vandamál að litið væri á konur sem einsleit hóp og á fyrstu árum kvennamannfræðinnar féllu fræðingar hennar einnig í þá gildru. Upp úr 1980 rann það upp fyrir mörgum að ekki væri boðlegt að setja fram einfaldar alhæfingar um konur (Lewin, 2006). Árið 1981 skrifaði Marilyn Strathern grein þar sem hún gagnrýnir þessa einföldun og þá kenningu að alheimskvenleiki (e. *universal woman*) sé til staðar, en hún segir ekkert þvíumlíkt vera til. Hún telur að hugmyndir um einkenni og sérstöðu kynjanna séu mótaðar af hverju samfélagi fyrir sig (Strathern, 1981). Það er því augljóst að ekki sé nóg að skilgreina líffræðilega á milli karla og kvenna því kyn og kyngervi er ekki það sama. Kyn er líffræðilegt á meðan kyngervi er félagslega mótað. Líffræðilegt kyn segir ekkert til um stöðu kvenna á alheimsvísu, heldur er það kyngervið sem skiptir máli og það sem ber að rannsaka innan mannfræðinnar (Moore, 1988).

Chandra Talpade Mohanty (1988) gagnrýnir fræðimenn enn fremur fyrir það að tengja konur í þriðja heiminum sífellt við kúgun, misrétti og fátækt. Hún er sérstaklega hörð í garð femínískrar orðræðu þar sem Mohanty segir staðalímyndina um hina kúguðu þriðja heims konu mjög ríkjandi. Hún telur femínista á Vesturlöndum hafa myndað mjög eðlishyggjulega sýn á hvað það þýðir að vera kona í þriðja heiminum og að skrif þeirra einkennist af alhæfingum

líkt og þeirri að líf þriðja heims kvenna byggist á kúgun. Þar með er tekin af þeim öll gerendahæfni þar sem þær geta ekki barist á móti sinni eigin kúgun heldur verða hvítar vestrænar konur að tala fyrir þær (Mohanty, 1988).

Árið 1989 setti Kimberlé Crenshaw fram hugtakið *intersectionality* sem hefur verið þýtt á íslensku sem samtvinnun mismunabreyta. Crenshaw líkir þessu við gatnamót þar sem bílar koma og fara úr mörgum áttum. Ef það verður árekstur þá getur hann orðið á milli tveggja eða fleiri bíla úr fleiri en einni átt. Með því á hún við að ekki sé hægt að aðskilja mismunandi breytur sem mynda sjálfsmynd (e. *identity*) einstaklinga, t.d. kynþátt og kyn. Hún telur þennan aðskilnað á milli mismunabreyta vera annað form misréttis sem bitnar einkum á svörtum konum. Með því gagnrýnir hún þá hugmynd að svartar konur þurfi oft að flokka sig undir annað hvort það að vera kona, eða að vera svartur einstaklingur. Þegar svartar konur verða fyrir misrétti getur oft verið erfitt fyrir þær að berjast gegn því. Oft verða þær að aðhyllast aðra breytuna, því samkvæmt ýmsum viðmiðum í samfélaginu getur verið erfitt að blanda tveimur eða fleiri breytum saman. Þegar kemur að misrétti virðist orðræðan byggjast á viðmóti þeirra sem eru í frekari forréttindastöðu. Umræðan um kynjamisrétti byggist t.d. upp á því misrétti sem hvítar konur gætu orðið fyrir, á meðan umræðan um kynþáttafordóma byggist oft á þeim hugmyndum sem svartir karlmenn verða fyrir; þá einkum svartir karlmenn í forréttindastöðum (Crenshaw, 1989). Þetta endurspeglar þá gagnrýni sem seinni bylgja femínismans fékk á sig og einnig réttindabarátta svartra á 7. og 8. áratugnum. Samtvinnun mismunabreyta er einnig mjög lýsandi hugtak fyrir þá gagnrýni sem Mohanty (1988) kom með.

Árið 2001 ritstýrði Irma McClaurin greinasafninu *Black Feminist Anthropology: Theory, Politics, Praxis and Poetics*. Í inngangi bókarinnar tekur hún það fram að bókin sé hugsuð sem mótsvar við þeirri þöggun sem svartir kvenkyns mannfræðingar hafi glímt við innan mannfræðinnar og þá sérstaklega kynjamannfræðinnar. Gagnrýni McClaurin er ekki ólík gagnrýni Mohanty nema að í hennar tilfelli er hún að fjalla um það misrétti sem svartir kvenkyns mannfræðingar verða fyrir innan veggja háskóla. Hún segir verk svartra kvenna

vanta í kennsluáætlanir margra áfanga í mannfræði, bæði á grunn- og framhaldsstigi (McCaurin, 2001).

Lynn Bolles (2013) telur eitt helsta vandamál kvennamannfræðinnar vera saga hennar. Bolles setur þetta mjög skýrt fram þar sem hún segir að líf kvenna hafi aðeins verið séð út frá sjónarhorni hvíttra, menntaðra millistéttarkvenna. Í fyrsta kafla bókarinnar fjallar Lynn Bolles (2001) um þátttöku svartra kvenna í uppbyggingu mannfræðinnar. Þá ber helst að nefna Zoru Neale Hurston. Hennar er mikið minnst innan bókmenntafræða fyrir skrif sín en sjaldan innan mannfræðinnar. Hún var óhrædd við að prófa sig áfram í rannsóknum sínum, þar á meðal við að vera sjálfsrýnin. Bolles telur Hurston eiga heima í sögu aðferðarfræði mannfræðinnar, þar sem hún er nánast algerlega skilin útundan (Bolles, 2001). Margir fræðimenn segja ástæðuna vera þá að hún hafi aldrei klárað doktorsprófið, en McCaurin (2001) segir það ekki hafa verið hindrun fyrir hvíta karlmenn í sömu stöðu á sama tíma, sem í dag er tekið opnum örmum innan mannfræðinnar. Litið er framhjá framlagi Hurston til mannfræðinnar og í raun talað framhjá þeirri nýbreytni sem hún kom með í etnógrafískum skrifum sínum (Bolles, 2001).

Innan fræðasamfélagsins í Bandaríkjunum hafa svartir eflaust átt sína lengstu sögu innan mannfræðinnar. Frá og með upphafi mannfræðinnar hafa svartir fræðimenn (og konur) verið partur af greininni. Hins vegar hefur mikið af því efni sem svartir mannfræðingar hafa gefið út ekki ratað inn í skólastofurnar, aðallega vegna þess að það var ekki gefið út í mannfræðilegum fræðiritum (McCaurin, 2001). Svartar konur í bandarískri mannfræði hafa hvað fæsta fulltrúa í sögu fræðigreinarinnar. Þær sem vakið hafa hvað mesta athygli eru t.a.m. Zora Neale Hurston, Vera Green, Irene Diggs og Katherine Dunham. Allar völdu þær mannfræði vegna þess hversu opin hún virtist vera gagnvart mismunandi menningarheimum. Þær voru allar háðar styrkjum til að klára grunnnám sitt. Allar unnu þær með fræðingum sem bæði á þeim tíma og í dag voru mikilvægir innan mannfræðinnar eða í samfélagi svartra af afrískum uppruna í Bandaríkjunum, þeirra á meðal voru W.E.B. Du Bois og Franz Boas (Bolles, 2001). Þessar konur voru allar svartar og höfðu því djúpan skilning á því

um hvað kynþáttahatur snérist, en Irma McClaurin (2001) telur þessar konur hafa fallið í gleysku alfarið vegna litarháttar síns og tekur Bolles (2013) undir það.

Þegar greinasöfn Lamphere og Rosaldo annars vegar og Reiter hins vegar komu út, voru þau gagnrýnd af Bandaríkjamönnum af afrískum uppruna í mannfræði og félagsfræði. Grein Sherry Ortner í greinasafni Lamphere og Rosaldo var harðlega gagnrýnd fyrir að alhæfa um stöðu kynjanna á heimsvísu. Bæði greinasöfnin voru gagnrýnd fyrir að hafa ekki fleiri greinar frá svörtum mannfræðingum, en aðeins ein grein í safni Reiter var eftir svartan mannfræðing, Susan Brown. Bók Reiter var einnig gagnrýnd fyrir það að þrátt fyrir skort á rannsóknum frá svörtum mannfræðingum vantaði ekki rannsóknir á svörtum og samfélagi þeirra, þar á meðal frá Nígeríu, Kólumbíu, Suður-Afríku og Dóminíska lýðveldinu. Á þeim tíma sem þessar bækur voru að koma út voru svartir mannfræðingar að vinna í að byggja upp samtök svartra mannfræðinga (e. *Association of Black Anthropologists*) til að vinna bug á þeim hindrunum sem voru í vegi þeirra. Þrátt fyrir þessa uppbyggingu í mannfræði var enginn þessara mannfræðinga, fyrir utan Susan Brown, beðinn um að taka þátt í þessum tveimur mikilvægu greinasöfnum (Bolles, 2013).

Líkt og þöggun kvenna vegna karlaslagsíðunnar hefur mannfræðin verið gagnrýnd af jaðrinum, en aftur ber að taka fram að kenningarsmíði mannfræðinnar var að miklu leyti í höndum hvíttra karlmannna frá Bandaríkjunum og Evrópu (Moore, 1988). Eins og áður segir gagnrýnir Mohanty hvíta femínista fyrir að tala fyrir konur frá jaðrinum og alhæfa um kúgun þeirra (Mohanty, 1988) og Strathern (1981) segir ekkert fyrirfinnst sem megi kalla alheimskvenleika. Crenshaw (1989) setur fram hugtakið samtvinnun mismunabreyta og segir mikilvægt að líta ekki framhjá mismunandi breytum sem mynda sjálfsmynd og svartir mannfræðingar gagnrýna það að hafa verið haldið utan við sögu mannfræðinnar (McClaurin, 2001). Mannfræðin hefur lengi vel byggst upp á því að rannsaka mismunandi samfélög og sýna að þó svo að þau séu öðruvísi eru þau ekki síðri en okkar eigið samfélag. Hægt er að segja að þessi menningarlega afstæðishyggja sé stolt mannfræðinnar (Moore, 1988). Þó virðist enn vanta fleiri raddir frá mismunandi menningarheimum og minnihlutahópum.

2 Þöggun

2.1 Þöggunarkenningin

Edwin Ardener veltir fyrir sér valdamisræmi kvenna og karla þegar kemur að félagslegri mannfræði. Árið 1975 birtust tvær greinar eftir hann í *Perceiving Women*. Sú fyrri „Belief and the problem of women” fjallar um nauðsyn þess að gefa konum jafn mikla rödd í etnógrafíum og karlar fá. Það þýðir ekkert að tala aðeins við karlmenn og fá einungis þeirra hlið á hlutskiptum kynjanna því að veruleiki kvenna og karla geti verið mjög ólíkur. Hann segir vandamálið þó ekki aðeins vera að ekki sé talað við konur, heldur einnig það karllæga sjónarhorn sem hrjái mannfræðina. Kvenkyns mannfræðingar séu einnig líklegir til að falla í þá gryfju að tala aðeins við karlmenn á vettvangi, vandamálið liggur því ekki einungis hjá karlkyns mannfræðingum (Ardener, 1975a). Í seinni greininni, „The ‘problem’ revisited”, veltir hann sérstaklega fyrir sér stöðu kvenkyns mannfræðinga og gagnrýnir fyrri skrif sín. Hann telur sig sjálfan hafa fallið í þá gryfju að einfalda hlutverk kynjanna og í framhaldinu setur hann fram kenningu sína um þöggun kvenna. Þöggunarkenningin snertir ekki tungumál, heldur formgerð. Þöggun er til staðar, en ríkjandi hópur gerir sér ekki grein fyrir þeirri þöggun sem víkjandi hópar verða fyrir og þar er helsta vandamálið að finna (Ardener, 1975b). Fólk í víkjandi hópum hefur oft en ekki margt marktækt að segja um eigin stöðu í samfélaginu en lendir oft í vandræðum við að koma sinni rödd/skoðun á framfæri vegna valdamisréttis. Víkjandi hópar eru þar með hvattir til að aðlaga sig að ríkjandi orðræðu eða háttalagi til að raddir þeirra heyrist og tekið sé mark á þeim (Kramarae, 2005).

Susan Gal (1989) segir þöggun vera form valds sem greina má í gegnum tungumál, en samkvæmt henni er tungumál kynjað og félagsmótað. Gal gagnrýnir Ardener fyrir að tala um þöggun sem formgerð og horfa framhjá því sem hún telur þöggun vera; kynjuð orðræða. Samkvæmt Gal er orðræða kynjanna ekki sú sama. Orð eru ekki aðeins orð heldur byggjast þau upp af kerfisbundnu valdi þar sem þau segja til um stöðu ákveðins aðila eða hóps, orð

geta því þjónað einum hóp betur en öðrum. Gal telur mikilvægt að spyrja nánar hvernig konur verða fyrir þöggun og af hverju það gerist; hver megi tala og um hvað? Nauðsynlegt sé að skoða hvað leiði til þess að konur verði að þöggðuðum hópi. Gal (1989) segir mikilvægt fyrir mannfræðinga að taka tillit til mismunandi gerða orðræðu kvenna þegar kemur að etnógrafískum rannsóknum. Það er ekki hlutverk kvennanna að aðlaga sig að orðræðu mannfræðinga heldur er það verk mannfræðinganna að aðlaga sig að orðræðu kvennanna í því samfélagi sem verið er að rannsaka (Gal, 1989).

Cheris Kramarae (2005) hefur mikið notast við þöggunarkenninguna bæði í rannsóknum og kennslu. Kramarae telur líkt og Gal að þöggun og orðræða séu náskyld fyrirbæri. Hvernig tungumálið er notað og hvaða orð eru notuð skiptir máli innan m.a. fræðasamfélagsins, en tungumál þess getur átt það til að vera mjög karllægt. Orðræða ýtir einnig undir þöggun ýmissa hópa ekki aðeins kvenna. Í dag er þöggunarkenning Ardener ekki talin jafn róttæk og hún var fyrir 30 árum, talað er um þöggun innan veggja háskólastofnanna, en utan skólastofunnar er lítið minnst á kenninguna. Kramarae (2005) segir nemendur sína vera hrifna af kenningunni, en nota hana lítið meira en í umræðum í tímum. Misrétti getur endurspeglast í tungumáli og Kramarae telur þurfa að endurvekja áherslu á tungumál sem part af vandamáli þöggunar og misréttis í femínískum rannsóknum í dag. Að horfa of einföldum augum á þöggunarkenninguna geti verið skaðlegt. Með því að tala aðeins um þöggun kvenna sé hætt á að lítið sé framhjá t.d. mismunandi upplifunum svartra kvenna eða latínó (e. *hispanic/Latin-American*) kvenna í samanburði við upplifun hvítra kvenna í Bandaríkjunum (Kramarae, 2005).

2.2 Vald

Vald er hugtak sem er náskyld þöggunarhugtakinu. Vald er viðamikilið umfjöllunarefni í textum Ardener (1975a, 1975b), Gal (1989) og Kramarae (2005), en þá sérstaklega í texta Gal sem segir þöggun vera form valds.

Eric R. Wolf (1990) er á þeirri skoðun að þó svo að við vitum mikið um vald höfum við í raun ekki þorað að skoða mikið meira en yfirborðið á hugtakinu

Því hægt er að rekja öll fyrirbæri sem tengjast hugtakinu til sameiginlegs kjarna, eða svo er talið. Vald og valdamisræmi geta skapað mikinn ágreining í samfélögum, en einnig innan mannfræðinnar sjálfar. Hugtakið vald er víða notað og hefur ýmsa merkingu innan fræðasamfélagsins sem og utan þess. Túlkunin er oft ekki pólitísk en Donald V. Kurtz (2001) segir hugmyndina um pólitískt vald koma að miklu leyti frá skilgreiningu Webers á valdi. Hún er sú að ákveðinn aðili hafi yfirhönd á öðrum aðila, þó svo að seinni aðilinn sýni honum mótspyrnu.

Í etnógrafíum hefur oft verið dregin upp mynd af svokallaðri „pólitískri persónu“ sem hefur það markmið að ná pólitískum völdum. Þetta hugtak gefur til kynna ákveðið hlutleysi gagnvart því að pólitískt vald sé ekki aðeins fyrir karla. Þó svo að til séu dæmi um konur sem hafa gegnt mikilvægum hlutverkum og hafa haft tök á einhverskonar pólitísku valdi í gegnum söguna segir Kurtz pólitískt vald yfirleitt vera í höndum karla og að karlar hafi unnið hörðum höndum að því að halda því valdi sem þeir hafa frá konum (Kurtz, 2001).

Hugmyndir Michel Foucault um vald hafa haft töluverð áhrif á það hvernig mannfræðingar túlka vald og búa til kenningar í kringum það. Samkvæmt Foucault hefur vald margar birtingarmyndir, hann vildi skoða hvað vald gerir og hvaða áhrif það gæti haft á einstaklinga og samfélagsmynstur. Eric R. Wolf taldi vald einnig hafa mismunandi birtingarmyndir en þó ekki í jafn víðu samhengi og Foucault (Kurtz, 2001). Ein þeirra birtingarmynda eða gerða valds kallaði Wolf strúktúralískt vald (e. *structural power*). Strúktúralískt vald skilgreinir hvernig ákveðnir hlutir innan samfélaga virka og hvert samspil þeirra er, strúktúralískt vald er einnig það sem stýrir pólitískri hagfræði (e. *political economy*). Wolf segir að hugmyndin um strúktúralískt vald byggist upp á því hvernig vald mótar pólitískt hagkerfi. Þetta strúktúralíska vald er að miklu leyti pólitískt og ætti því að vera erfitt að hunsa, því þess konar vald er að finna í flestum samfélögum í heiminum (Wolf, 1990). Pólitísk hagfræði á sér margar skilgreiningar, sem í raun fara eftir því í hvaða samhengi hugtakið er notað. Micaela Di Leonardo (1993) segir að þó svo að misjafnan skilning megi leggja í hugtakið, er það ekkert ólíkt mismunandi túlkunum á femínisma eða marxisma. Hún telur hugmyndafræðina á

bak við hugtakið vera það sem skiptir máli, því hún gerir okkur kleift að skoða menningu í stærra samhengi t.d. gagnvart sögunni. Mikilvægt er því að skoða hvernig mismunandi valdatengsl móta reynslu og gildi fólks.

Leonardo (1993) er gagnrýnin í garð fræðimanna sem aðhyllast eina ákveðna kenningu eða hugmyndafræði og sniðgangi þar með aðrar hugmyndir. Hún bendir á hvernig femínískir mannfræðingar hafa gagnrýnt skort á femínískum viðhorfum í mannfræði, en fáir hafi gagnrýnt t.d. skort á marxisma og pólitískri hagfræði. Leonardo telur mikilvægt að femínisminn taki mið af pólitískri hagfræði og það þurfi að skoða kyn og kyngervi í sögulegu, pólitísku og efnahagslegu samhengi. Hún bendir á að vestrænn femínismi hafi oft á tíðum talað fyrir hönd allra kvenna út frá hagsmunum vestrænna hvíttra kvenna, sem má líta á sem ákveðinn forréttindahóp. Mikilvægt sé að skoða ekki aðeins kynjabreytuna heldur einnig aðra breytur eins og kyn, kynþætti, uppruna, stéttaskiptingu, kynhneigð, trúarbrögð og fleiri þætti sem hafa áhrif á þessa skörun á upplifun fólks á veruleikanum (Leonardo, 1993). Í stuttu máli er mikilvægt að nota hugtak Crenshaw (1989) um samtvinnun mismunabreyta .

Gal (1989) segir þöggun vera form valds, þá einkum í tengslum við orðræðu og tungumálanotkun kynjanna. Hún segir þögnina ekki aðeins vera tákni um valdaleysi heldur geti hún einnig verið tákni um vald og yfirráð. Aftur á móti virðist þessi valdaskipting vera mjög kynjuð. Lögreglan (sem er mjög karlæg stétt) sýnir t.a.m. yfirráð með því að nota þögn, það sama má segja um karlmenn í Bandaríkjunum, þar sem þögn er oft merki um karlmennsku og yfirráð á heimilinu en um leið og þögn verður kvenlæg þá verður það að neikvæðri þöggun. Gal segir þá sem ekki fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu eigi lítinn möguleika á því að hafa áhrif á gang eigin lífs eða sögunnar (Gal, 1989) og í raun og veru er þetta ekki ólíkt skilgreiningu Webers á valdi.

2.3 Hvítleiki, forréttindi og kynþáttabundið dulmál

Hvítleiki (e. *whiteness*) er ákveðið menningarlegt skipulag sem birtist í formi forréttinda. Þessi forréttindi eru oft ómeðvituð og í raun álitinn sjálfsagður partur af lífi hvíts fólks. Hvítir njóta góðs af ýmsu sem á yfirborðinu virðist vera hlutlaust

félagslegt fyrirkomulag. Hvítleiki er þannig oftast en ekki ómeðvitaður (Hartigan Jr., 1997) og getur því réttlætt yfirráð hvítra yfir öðrum hópum (Castagno, 2008). Þegar talað er um kynþátt eða ýmis vandamál sem koma upp vegna kynþáttar eru hvítir sem kynþáttur aldrei partur af þeim, þetta á einkum við í Bandaríkjunum þar sem orð á borð við *racial* (í. kynþátt-) og *race* (í. kynþáttur) eru mikið notuð, en með þeim er nánast aldrei átt við hvítan kynþátt. Þessi orð eru frekar notuð sem frávik frá norminu, sem er að vera hvítur (Hartigan Jr., 1997). Hvítleiki er því í raun form kerfisbundins valds og þess valdaójafnvægis sem getur myndast á milli hvítra og þeirra sem ekki flokkast sem hvítir (Castagno, 2008).

Hægt er að skipta hvítleika í þrennt; sjálfsvitund (e. *identity*), hugmyndafræði og stofnun. Með sjálfsvitund er átt við samband félagslegra aðgerða eða siða og viðhorfa sem móta hvítleika, þá sérstaklega í samhengi við bandarískt samfélag. Með hugmyndafræði er átt við kerfisbundna endurvinnslu á hugmyndum um hvítleika sem vald (Castagno, 2008). Hvítleiki sem stofnun getur verið allt frá heimilum til hins opinbera. Michelle Fine (1997) nefnir sérstaklega skóla sem dæmi um stofnanir byggðar upp á hvítleika, þar sem í raun er búið að afneita hugmyndum um kynþátt og oftast en ekki talað um litblindu barna. Með litblindu er átt við þegar fólk segist ekki taka eftir kynþætti fólks, hugsar ekki um það eða horfir framhjá litarhætti.

Peggy McIntosh (1988) telur mikilvægt að gert sé grein fyrir þeim forréttindum sem eru til staðar og þá sérstaklega hverjir það eru sem hafa þessi forréttindi. Hún talar að miklu leyti út frá eigin reynslu og reynir að gera sér grein fyrir því hvernig best sé að viðurkenna og vinna gegn þeim forréttindum sem hún nýtur sem hvít kona. Forréttindi hafa margar birtingarmyndir en algengasta birtingarmynd þeirra er karlaslagsíða. McIntosh (1988) segir hana þó að miklu leyti ekki viðurkennda af hálfu karla og í raun og veru ómeðvitaða. Hún veltir því svo fyrir sér hvort þetta gæti einnig átt við hvítar konur, en í gegnum tíðina hafi hún heyrt kvartanir frá konum af öðrum litarhætti en hvítum sem töldu sig kúgaðar af hvítum konum. Í gegnum alla skólagöngu sína hafði hún aldrei verið

frædd um forréttindi sín eða um þá ómeðvituðu stöðu sem hún hafði sem kúgari. Hún setti því fram hugmyndina um ósýnilega bakpokann (e. *the invisible knapsack*) sem felur í sér hvernig ráðandi hugmyndir í samfélaginu geta haft áhrif á minnihlutahópa. Ósýnilegi bakpokinn stendur fyrir hvít forréttindi, aðeins hvítt fólk hefur aðgang að þessum bakpoka og þar með er fólk af öðrum litarhætti skilið útundan. Hún leggur fram 46 einfaldar spurningar tengdar daglegu lífi sem fólk er gert að svara til að gera sér grein fyrir þeim forréttindum sem það hefur, þá sérstaklega hvítt fólk í Bandaríkjunum (McIntosh, 1988). Í dag er þetta mikið notað í kennslu í grunnskólum í Bandaríkjunum (Bolles, 2013).

Út frá líffræðilegum skilningi hefur hugtakið kynþáttur misst alla merkingu. Orðið kynþáttur er einaldlega ekki lýsandi og það eina sem aðskilur kynþætti er húðlitur; líffræðilega séð er nánast enginn annar munur á hinum svokölluðu kynþáttum. Aftur á móti er erfitt að horfa framhjá félagslegri og menningarlegri merkingu kynþátta og getur hugtakið verið mikilvægt greiningartæki í fræðasamfélaginu (Landson-Billings og Tate IV, 1995). Kynþáttahugtakið er orðið að mjög viðkvæmu hugtaki í Bandaríkjunum í dag, en eitt af því sem margir óttast og þá sérstaklega hvítt fólk, er að fá á sig stimpilinn kynþáttahatari (e. *racist*). Margir vilja leysa vandamálið einfaldlega með því að hætta alveg að tala um kynþátt. Hugmyndir um litblindu, það þegar fólk horfir framhjá eða tekur ekki eftir húðliti einstaklings, hefur færst í aukana en en hægt er að færa rök fyrir því að hugmyndin um litblindu sé aðeins leið til að tala framhjá kynþætti (Pollock, 2004). Þegar orðræðu er stýrt burt frá kynþætti er það ákveðið form þöggunar, en enska orðið yfir það er *colormute*, en hér mun íslenska þýðingin „kynþáttabundið dulmál“ verða notuð. Ákveðin orð tengd kynþáttum verða ósýnileg í umræðunni því þau eru talin óþægileg á opinberum vettvangi. Ástæðan fyrir því er að þessum orðum fylgir sektarkennd og ákveðin ábyrgð. Það leysir hins vegar ekki vandamálið að eyða þessum orðum úr orðræðunni, ef eitthvað er þá eykur það aðeins á vandamálið og ákveðið dulmál verður til (Castagno, 2008).

Mica Pollock (2004) segir mikilvægt að horfa til skólastofnanna þegar kemur að kynþáttabundinni orðræðu og dulmáli. Hún telur skóla vera mikilvæga í að móta kynþáttabundna sjálfsmynd (e. *racial identities*). Pollock telur það mikilvægt að gera grein fyrir því að meðvituð ákvörðun um að nota ekki kynþáttabundna orðræðu gæti einnig leitt af sér neikvæðar afleiðingar.

3 Ómeðvitað misrétti

3.1 Mannfræði og menntun

Menntun getur veitt mikið frelsi og opnað fyrir ýmis tækifæri, en hún getur einnig verið mjög afmarkandi og ýtt undir frekari þjóðernishyggju, stéttaskiptingu og þöggun gagnvart margvíslegu misrétti (Levinson og Holland, 1996). Mannfræði menntunar notast við aðferðafræði mannfræðinnar við gerð rannsókna innan menntakerfisins. Hún einblínir á einstaklinga eða hópa innan menntakerfisins og þann félagslega þátt sem skólaumhverfið getur átt í mótun þátttakenda þess, frekar en að einblína á þær kenningar og kennsluáferðir sem menntakerfi notast við. Mannfræði menntunar hefur einnig verið mjög gagnrýnin í garð menntakerfa og hvernig þau eiga til að mismuna minnihlutahópum og ýta undir forréttindi og stöðluð norm. Sú gjörð að einblína á menningarlegan mismun og gera einstaklinga eða hópa sem falla ekki inn í staðlaðan hóp að „hinum“ (e. *cultural others*) segir Douglas Foley (2010) vera heftandi. Hann vill meina að í stað þess ætti að horfa til þeirra áhrifa sem stéttaskipting, kyn og kynþáttur geti haft á einstaklinga. Undanfarið ár hefur orðið aukning á rannsóknum sem varpa ljósi á hvernig hvítleika er viðhaldið í ríkisreklam skólum í Bandaríkjunum og þar kemur m.a. fram hversu erfitt það geti verið fyrir einstaklinga í minnihlutahópum að uppfylla þessa staðla (Foley, 2010).

Gagnrýnin kenning um kynþátt (e. *critical race theory*) hefur ekki verið nógu áberandi í fræðasamfélaginu að mati margra fræðimanna. Kenningin byggist aðallega á því að mikið sé til af kenningum um stéttaskiptingu (e. *class*) og kyn, en kynþáttur verði oft útundan. Kynþáttur getur þó oft verið breyta innan

hinna kenninganna, en oft vanti að talað sé um kynþátt í stærra samhengi (Ladson-Billings og Tate IV, 1995).

Gloria Ladson-Billings og William F. Tate IV (1995) telja að aðgangur að góðri menntun í Bandaríkjunum hafi mikið með eignarrétt að gera, en þau vilja meina að bandarískt samfélag byggist að miklu leyti á eignarrétti frekar en mannréttindum. Þau vekja athygli á sambandi kapítalisma og stofnunar Bandaríkjanna og hvað lög um eignarétt voru mikilvægur hluti af því; allt frá því að lönd voru tekin af indjáním (e. *native americans*) og svartir hnepptir í þrælahald og mansal á 18. og 19. öld fram til þeirrar menntunar sem ríkisreknir skólar bjóða upp á í dag. Ladson-Billings og Tate IV (1995) segja að á endanum sé það hvítleiki (e. *whiteness*) sem standi uppi sem besta eignarhaldið (Ladson-Billings og Tate IV, 1995).

Hvítleiki er því staðall í samfélaginu, hann er almenn regla og það sem þykir verðugt að verðlauna á ýmsan hátt. Bandarískt samfélag eins og það er í dag hefur því byggst upp á forréttindum hvíttra einstaklinga og er gagnrýnin kenning um kynþætti ein leið til að brjóta það upp (Ladson-Billings og Tate IV, 1995).

3.2 Misrétti innan skólastofnanna

Angelina E. Castagno (2008) tók fyrir tvo grunnskóla í Utah-fylki í Bandaríkjunum þar sem hún fjallar ítarlega um þá þöggun sem á sér stað innan skólakerfisins. Annar skólinn, *Spruce Middle School*, var að meirihluta sóttur af hvítum nemendum úr miðstétt og yfirstétt (e. *upperclass*). Í hinum skólanum, *Birch Middle School*, voru fátækir nemendur úr minnihlutahópum í meirihluta, aðallega innflytjendur ásamt flóttamönnum og hælisleitendum. Meirihluti kennara í báðum skólum var hvítur og segir Castagno (2008) það hafa hjálpað henni að vera einnig hvít, þar sem hún telur kennarana ekki hafa ritskoðað sig jafn mikið og hefði hún verið af öðrum kynþætti. Það var gegnumgangandi í báðum skólunum að talað var framhjá kynþætti og þegar það komu upp einhverskonar erfiðleikar tengdir kynþætti eða rasisma var það oftast en ekki þaggað niður af kennurum. Ákveðið dulmál varð því til; sem dæmi var talað um nemendur í

Spruce sem „þá sem höfðu ensku sem fyrsta tungumál“ (e. *English speakers*) og svo hina sem „nemendurna sem voru að læra ensku“. Einnig var orðið flóttamaður (e. *refugee*) í raun notað sem samheiti yfir svarta nemendur í skólanum, en meirihluti svartra í skólanum voru flóttamenn frá ýmsum ríkjum í Afríku (Castagno vissi aðeins um tvo svarta nemendur sem voru ekki flóttamenn). Hjá aðstandendum skólans var þetta dulmál skýr tilvísun í kynþátt og þar með leið til að tala óbeint um kynþátt (Castagno, 2008). Þetta eru mjög góð dæmi um það kynþáttabundna dulmál sem getur orðið til innan skólastofnanna.

Þegar nemendur í Spruce komu með óviðeigandi athugasemdir á kostnað minnihlutahópa gripu kennarar sjaldan tækifærið til að tala um slæm áhrif kynþáttahaturs eða óviðeigandi athugasemda á kostnað annarra. Kennarar leyfðu þar með nemendum að komast upp með ýmsa fordóma, mögulega vegna aðstæðna, þar sem meirihluti nemenda var hvítur. Þegar nemendur í Birch sögðu að aðeins væri verið að refsa þeim vegna kynþáttar, eða gáfu til kynna að væru þeir hvítir myndi þeim ekki vera refsað (eða þeir væru líklegri til að komast upp með það sem væri verið að refsa þeim fyrir), þöggðu kennarar í flestum tilfellum. Castagno (2008) telur þessa þöggun vera slæma bæði í tilfalli Spruce og Birch, til að mynda vegna þess að hún ýtir undir þá hugmynd að sumir fordómar séu í lagi því auðvelt sé að komast upp með þá, til dæmis húmor á kostnað minnihlutahópa vegna þess að hann er talinn fyndinn (þó svo að hann sé aðeins fyndinn í augum hvíta meirihlutans). Einnig er þessi þöggun slæm vegna þess að með því að tala ekki um vandamálið alast börnin upp við þá hugsun að kynþáttahatur sé í raun ekki til því litarháttur húðar á ekki að skipta máli, börn eigi að vera litblind í garð húðar. Fordómar í garð þeirra er því aðeins ímyndun og mögulega eitthvað sem þau nota sem afsökun í aðstæðum þegar það hentar þeim. Þau læra þar með að forðast þessa umræðu í framtíðinni því þeim var kennt að hún sé óviðeigandi (Castagno, 2008).

Í báðum skólunum var hvítleiki (e. *whiteness*) yfirþyrmandi í kennslu og rekstri skólastofnananna. Umræða um fordóma og misrétti var þöggud niður því að hvíta fólkinu fannst hún vera óviðeigandi og það hræddist að vera stimplað

sem rasistar ef það talaði um það á nokkurn hátt. Það að forðast viðkvæm umræðuefni væri því einfaldasta leiðin til að forðast þennan stimpil og leið til að koma í veg fyrir frekari fordóma og jafnvel til að uppræta fordóma og misrétti yfirhöfuð (Castagno, 2008). Þetta hljómar eins og mjög meðvituð ákvörðun en er í raun mjög ómeðvitað og er gott dæmi um kerfisbundna fordóma. Castagno (2008) segir frá því að þegar hún fór með niðurstöður rannsóknar sinnar til skólanna þá var þeim ekki tekið illa, heldur voru viðbrögðin frekar jákvæð og aðstandendur skólanna jafnvel miður sín og sáu að einhverjar breytingar yrðu að verða.

Rannsókn Castagno (2008) er alls ekki einsdæmi um kynþáttabundið dulmál, en þó svo að Jessica Fields (2005) tali ekki um það á sama hátt og Castagno, þá eru sameiginlegir þræðir í umræðum þeirra um kynþátt. Fields fjallar um rökræður sem áttu sér stað í einni af sýslum í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum. Umfjöllunarefnið var kynfræðsla barna, hvort það ætti einungis að kenna börnum að stunda ekki kynlíf fyrir hjónaband (e. *abstinence-only*) eða að vera með sömu fræðslu en bæta við umfjöllun um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma (e. *abstinence-plus*). (Fields, 2005). Ríkjandi hugmyndafræði í þessu samfélagi var sú að því minna sem börn vissu um kynlíf því ólíklegra væri að þau stunduðu það, mikilvægt væri fyrir samfélagið að vernda sakleysi barna (Fields, 2005). Fields (2005) vill meina að þegar talað sé um sakleysi í þessu samhengi eigi það aðeins við um hvítt fólk og það sé því frekar við hæfi að tala um „hvítt sakleysi“ á móti „svörtum kynþokka“ sem er flokkaður sem óviðeigandi. Þar sem Fields gerði rannsókn sína voru svartir í miklum meirihluta en aftur á móti voru skólastjórnendur og meðlimir skólastjórnar að meirihluta hvítir. Þeir sem voru á móti almennri kynfræðslu voru að meirihluta hvítir, en hinsvegar voru þeir sem vildu meiri fræðslu að meirihluta svartir. Niðurstaða Fields (2005) var sú að umræðan var yfirfull af fordómum og að vandamálið snérist ekki að börnum almennt, heldur að svörtum fátækum stelpum. Börn að eignast börn, var slagorð sem var margoft notað af viðmælendum Fields til að gera grein fyrir alvarleika vandamálsins og einnig til að sýna að vandamálið náí til allra, er í raun dulmál yfir

fátækar svartar stelpur og leið til að forðast alvöru vandamálið sem er yfirþyrmandi fátækt svartra í sýslunni og hin ýmsu félagslegu vandamál sem því fylgir.

3.3 Jaðarinn og akademían

Rosalind Gill (2009) fjallar um þá þöggun sem á sér stað innan fræðasamfélagsins, og um sjálfsrýni og mikilvægi hennar. Hún bendir á hvernig okkur mistekst að horfa gagnrýnið í okkar eigin barm sem fræðimenn, þar sem vinnuálag, pólitík og stjórnarhættir geta haft áhrif á andlega vellíðan og þar með eigin vinnu. Áhugavert er að þó svo að Gill (2009) sé að fjalla um tabú málefni innan fræðasamfélagsins þá leggur hún aðeins litla áherslu á þau áhrif sem þetta hefur á konur. Hún snertir ekkert á þeirri þöggun sem minnihlutahópar eru líklegir til að verða fyrir, hvað þá hvernig svartar konur verða frekar fyrir tvöfaldri þöggun og eru almennt ósýnilegri í bæði fræðilegu og ófræðilegu samhengi (Sesko og Biernat, 2009). Gill (2009) talar um þetta allt í heild og hún minnst á mikilvægi þess að vera birtur í ritrýndu tímariti og að vitnað sé í eigið efni, án þess þó að leggja mikla áherslu á það.

Lynn Bolles (2013) hefur verið mjög gagnrýnin á fræðasamfélagið og sem mannfræðingur hefur hún verið sérstaklega gagnrýnin á samfélag mannfræðinga í Bandaríkjunum, einkum á þá kerfisbundnu fordóma sem virðast eiga sér stað innan mannfræðinnar. Hún segir það einkum erfitt fyrir svartar konur í mannfræði að öðlast virðingu og viðurkenningu innan fræðanna og á þetta einnig við og jafnvel sérstaklega, femínísk fræði, þar sem konur á við Carolyn Bond Day og Zora Neal Hurston hafa nánast verið algerlega ósýnilegar í sögu kvenna í mannfræði (Bolles, 2013). Bolles (2013) spyr af hverju svartar konur séu jafn útilokaðar í akademíunni og raun ber vitni, þar sem sagan segir að svo eigi ekki að vera. Hvítar menntaðar konur virðast vera blindar fyrir þeim hindrunum sem svartar konur verða fyrir í háskólum, þrátt fyrir að þessar hindranir séu ekki ósvipaðar þeim sem hvítar konur börðust gegn á 8. áratugnum. Bolles svarar þessu og segir hvít forréttindi vera ástæðuna. Samfélagið byggist upp á hvítum forréttindum þar sem litið er á hvítt fólk sem meirihluta og þar með normið í

samfélaginu. Allt sé miðað við hvítt fólk, hvort sem það er innan háskóla eða utan hans. Kerfisbundinn rasismi ýtir undir forréttindi hvíttra, en þetta tvennt er mjög samtvinnað í bandarísku samfélagi (Bolles, 2013).

Bolles (2013) tekur hugtak Peggy McIntosh (1988) um ósýnilega bakpokann (e. *the invisible knapsack*) og þær spurningar sem hún setti fram sem dæmi. Bolles segir að næstum því allar spurningarnar sem McIntosh setur fram eigi við svarta kvenkyns mannfræðinga. Til að mynda eru svartar konur innan háskólastofnanna oft beðnar um að tala fyrir hönd kynþáttar síns, og draga þær oft í efa hvernig þær fengu þá stöðu sem þær eru í, hvort það var vegna þess að þær áttu það skilið eða vegna sértækra aðgerða (e. *affirmative action*) (Bolles, 2013). Sheila T. Gregory (2001) nefnir einnig að til mikils sé ætlast af konum í minnihlutahópum í fræðasamfélaginu, þar sem oftast en ekki eigi þær að vera fyrirmyndar starfsmenn. Þetta endurspeglar líka reynslu íranska mannfræðingsins Homa Hoodfar (1992) sem er búsett í Kanada, en hún segir að ætlast sé til þess að hún sé fyrirmynd fyrir yngri kynslóðir íranskra kvenna, ásamt því að þurfa að brjóta upp þá staðalímynd sem Kanadamenn gætu haft um múslimskar konur.

Bolles (2013) segir svartar konur í mannfræði oft einangrast, þetta sé einangrun sem byrji snemma á háskólanámsferli og haldi áfram í starfi, sérstaklega fyrir konur sem starfa í umhverfi þar sem hvítir eru í meirihluta. Svartar fræðikonur hitta því sjaldan aðrar svartar fræðikonur nema á samkomum tengdum mannfræði. Það getur því verið erfitt fyrir svartar konur að finna fyrirmyndir innan síns sviðs (Bolles, 2013). Svartar konur virðast vera ósýnilegri í almennri umræðu, en í lítilli rannsókn sem var gerð við Kansas háskóla (*University of Kansas*) var þessi ósýnileiki rannsakaður. Hópi nemenda við háskólann voru sýndar myndir af andlitum fólks af báðum kynjum, bæði af afrískum og evrópskum uppruna. Ásamt því fengu þau einnig að heyra upptökur af einstaklingum af báðum kynjum, bæði af afrískum og evrópskum uppruna. Það kom í ljós að líklegra var að nemendurnir gleymdu andlitum svörtu kvennanna og að orðum þeirra væri frekar ruglað saman við orð hvíttra kvenna eða karla.

Svartar konur gleymdust þar með oftast og féllu í skugga hinna (Sesko og Biernat, 2009). Þetta var lítil rannsókn, en hún styður það sem Bolles (2013) segir um einangrun svartra kvenna. Sesko og Biernat (2009) telja að þetta sé ekkert nema form mismununar og sé eitthvað sem þurfi að vinna gegn.

Háskóli er stigveldi, þér er launað með vinnu þinni, en því meira sem þér tekst að gera utan kennslu, þar á meðal rannsóknarvinnu, því betra. Það skiptir miklu máli hversu mikið er birt eftir þig, í hvaða fræðilegu tímaritum það birtist og hvaða bókaútgefendur hafa áhuga á efni þínu. Það skiptir máli að sækja um styrki og hvaðan þeir koma. Viðurkenning og virðing innan háskólasamfélagsins er ekki aðeins mikilvæg fyrir einstaka háskólastofnanir heldur einnig fyrir einstaklinga innan þeirra. Því ofar sem þú nærð að vinna þig upp í stigveldinu, því meira starfsöryggi veitir það þér (Bolles, 2013).

Staða innan háskólasamfélagsins skiptir gríðarlega miklu máli, sérstaklega þegar kemur að starfsöryggi. Aðilar úr minnihlutahópum hafa gagnrýnt það að efni þeirra sé ólíklegra til að birtast í virtum akademískum tímaritum, en ein ástæða þess gæti verið vegna þess að þessir fræðimenn eru líklegri til að rannsaka efni sem fellur ekki inn í meirihlutann. Líklegra er því að fræðasamfélagið horfi framhjá þeim vegna þess að frekar er horft til þess hvar greinin birtist fyrst en gæði og innihald hennar (Gregory, 2001). Háskólasamfélagið er mjög fast í því hvað það telur vísindalegt og akademískt, en háskólamenntaðar svartar konur eru oft aðgerðasinnar og rannsóknir þeirra og greinar oft frekar tengdar grasrótinni og jaðrinum en því sem akademían telur fræðilegt. Þetta leiðir oftast en ekki til þess að svartar konur gefi út tvær útgáfur af því efni sem þær eru að fjalla um, eina sem er ætluð til birtingar í akademískum tímaritum og aðra sem er ætluð fyrir grasrótina og almenning (Bolles, 2013).

Það virðist einnig vera erfiðara fyrir svartar konur að öðlast starfsöryggi í fræðasamfélaginu. Starfsfólk við háskóla byrjar á sömu launum, en karlmenn eru líklegri til að fá stöðu- og launahækkningar fyrr en konur. Svartar konur fara sérstaklega hægt í gegnum þetta ferli. Í rannsókn Sheila T. Gregory (2001) kom

það fram að svartar konur kenndu og leiðbeindu nemendum talsvert meira en hvítir samstarfsmenn þeirra, ásamt því að taka þátt í ýmsum nefndum innan háskólans. Þetta leiddi aftur á móti til þess að þær framkvæmdu færri rannsóknir og gáfu út færri greinar í ritrýndum tímaritum en hvítir samstarfsmenn þeirra (Gregory, 2001). Mikill þrýstingur er á svörtum konum í mannfræði, oft er meira álag sett á þær og meira ætlast til af þeim. Þær eru oft taldar bera ábyrgð á bæði kvenkyns nemendum og svörtum nemendum, ásamt því að starfa sem leiðbeinendur og stjórnendur deilda. Þetta gefur þeim minni tíma í að vinna að eigin rannsóknum og efni, og þar með er mun erfiðara fyrir þær að vinna sig upp í stigveldi háskólanna (Bolles, 2013).

Þó svo að mikilvægt sé að fá greinar og rannsóknir gefnar út í ritrýndum tímaritum skiptir það einnig máli að umræða myndist í kringum þær og þær séu lesnar. Því skiptir gríðarlega miklu máli að vitnað sé í efni sem einstaklingar gefa út. Greining á notkun heimilda hefur verið notuð til að meta gæði ákveðinna greina, þessar greiningar hafa einnig leitt í ljós að minna er vitnað í konur en karla. Vitnanir eru að miklu leyti táknrænn auður (e. *symbolic capital*) fyrir fræðimenn, en fræðimenn sem mikið er vitnað í eru oft hærra settir í háskólasamfélaginu, býðst frekari tækifæri til að gefa út efni og eru þar með sýnilegri (Lutz, 1990).

Catherine Lutz (1990) framkvæmdi rannsókn á milli 1982 og 1986 þar sem hún kannaði notkun heimilda í fjórum akademískum tímaritum og hvort mikill munur væri á vitnunum á milli kynja. Af 446 greinum og 11.642 heimildum voru aðeins 19 prósent þeirra heimilda vitnanir í konur. Lítil breyting var á milli ára og aukning á tilvitnunum í konur virðist ekki hafa fylgt auknum sýnileika kvenna í mannfræðinni á þessum árum. Það er vitað að konur vitna meira í konur, en aftur á móti gagnrýnir Bolles (2013) það að kvennamannfræðingar vitni lítið í svartar konur og ef vitnað er í svartar konur er það sjaldan í fræðilegt efni sem þær hafa gefið út. Innan mannfræðinnar virðist einnig vera minnst vitnað í svartar konur í tímaritum tengdum femínískri mannfræði.

Homa Hoodfar (1992) er íranskur mannfræðingur sem kennir við háskóla í Kanada. Hún hefur bæði kennt áfanga í mannfræði og kynjafræði, og þeir áfangar sem hún hefur verið að kenna tengjast oftast en ekki kyni og stöðu minnihlutahópa. Hún er ásamt mörgum öðrum á þeirri skoðun að mikilvægt sé að fræða um þau forréttindi sem fólk býr við, en ekki aðeins hvað fordómar eru og hvernig fólk verður fyrir þeim. Með því að leggja meiri áherslu á þá sem verða fyrir misrétti og fordómum er minna tekið á forréttindum. Hún telur mikilvægt að jöfn áhersla sé lögð á umfjöllun um forréttindi og fordóma því að þó að fólk sé meðvitað um þá fordóma og misrétti sem það verður fyrir, gerir það sér sjaldnar grein fyrir þeim forréttindum sem það býr við. Mikilvægt er fyrir þá sem búa við forréttindi að gera sér grein fyrir því hvernig þeir hafa áhrif á almenna orðræðu og hvernig þeir gætu staðið í vegi fyrir framþróun jafnréttis. Í raun þarf að aflæra forréttindi (e. *unlearning privilege*) (Hoodfar, 1992).

Sem írönsk kona starfandi sem prófessor í háskóla segir Hoodfar (1992) sig oft þurfa að réttlæta stöðu sína innan háskólans. Hún telur það auðveldara fyrir nemendur að draga orð hennar í efa vegna þjóðernis síns og segir það oft vera erfitt fyrir nemendur að taka þeirri gagnrýni sem hún komi með á vestrænt samfélag og ýmis neikvæð áhrif sem vestræn ríki hafa á jaðarsamfélög. Sumir sögðu það ekki vera réttan femínisma og aðrir töldu hana aðeins vera að afsaka íslam. Hún gerði það þó að reglu að nefna einnig þau jákvæðu áhrif sem vestræn ríki hefðu haft á jaðarsamfélög til að koma í veg fyrir að gagnrýni hennar væri dregin of mikið í efa (Hoodfar, 1992).

Hvít samstarfskona Hoodfar var gestafyrirlesari í einum tíma hjá henni þar sem hún ræddi hvernig best væri að fjalla um konur í þriðja heiminum. Hún gagnrýndi ríkjandi femínískar hugmyndir og hversu mikilvægt það væri að gefa þessum konum raddir. Í tímunum eftir á tók Hoodfar eftir breytingu í fari nemenda. Nemendur virtust opnari fyrir þeirri umræðu sem hún var að leitast eftir og vitnuðu oft í fyrirlestur samstarfskonu hennar til að koma með dæmi í umræðum. Hoodfar er viss um að þessi breyting í fari nemenda hafi komið til vegna þess að hvít samstarfskona hennar, sem er virt innan háskólans, hafi á

einhvern hátt réttlætt stöðu Hoodfar sem prófessors innan háskólans fyrir nemendum sínum (Hoodfar, 1992).

Gagnrýni Bolles (2013), Gregory (2001), Lutz (1990) og Hoodfar (1992) eru af svipuðum meiði og er auðveldlega hægt að tengja hana við hin ýmsu hugtök sem sett hafa verið fram í gegnum tíðina innan fræðanna. Það er greinilegt að þær eru allar að gagnrýna þann hvítleika, valdamisrétti og forréttindi sem finnast í ýmsum skólastofnunum og ekki síst í háskólastofnunum.

4 Umræða og lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Eru raddir kvenna þaggaðar niður innan mannfræðinnar? Hefur femínísk mannfræði (kynjamannfræði) opnað fræðin fyrir konur almennt en um leið mögulega þaggað niður konur í minnihlutahópum frekar? Getur þöggun verið kerfisbundin og ómeðvituð? Farið var yfir mótun femínískrar mannfræði og hina ýmsu gagnrýni sem hún hefur sætt. Hugtakið þöggun var skoðað ásamt tengdum hugtökum og að lokum fjallað um mannfræði og menntun og háskólasamfélagið þá sérstaklega skoðað.

Algeng var sú gagnrýni að konur væru útskúfaðar úr sögubókunum og hugmyndir og kenningar þeirra taldar minna virði en karlkyns samstarfsmanna þeirra. Þetta virðist einnig hafa átt við um mannfræðina, en kvenkyns mannfræðingar virðast falla fljótt í gleymsku að undanskildum einstökum dæmum, líkt og Margaret Mead. Þöggunarkenning Edwin Ardener (1975) hafði gríðarleg áhrif á þau skrif sem á eftir komu, en hann taldi helsta vandamáll mannfræðinnar vera hversu karllæg fræðin voru og að bæta þyrfti úr ósýnileika kvenna í mannfræðinni og þá sérstaklega í etnógrafíum mannfræðinga.

Á fyrstu árum kynjamannfræðinnar urðu margar kenningar og hugmyndir til sem unnu að því að sameina konur og voru margar þeirra gefnar út í greinasöfnum sem mörkuðu upphaf femínískrar mannfræði. Sherry Ortner (1974) skrifaði grein um veraldleika kvenna, það að sameiningartákn kvenna allstaðar í heiminum væri séð sem náttúra og þar með væru konur álitnar minna virði en karlmenn sem væru frekar tengdir við menningu. Ekki voru þó allir fræðimenn sammála um að veraldlegt ójafnrétti kynjanna væri til staðar, heldur væri tvöföld karlkyns hlutdrægni eitthvað sem að þyrfti helst að skoða, þar sem fræðimenn eru í raun skilyrtir til að sjá ósjálfrátt mynstur um yfirráð karla (Reiter, 1975).

Upp úr 1980 fóru mannfræðingar að gagnrýna femínísk fræði fyrir að líta á konur sem einsleitán hóp, t.a.m. með því að tala um systrabönd kvenna í fjölmennningarlegu samhengi. Mohanty (1988) gagnrýndi svo einkum vestrænar konur fyrir að alhæfa um kúguðu þriðjaheimskonuna með því að setja

samasemmerki á milli kvenna á jaðrinum og kúgunar. Hugtak Crenshaw (1989), samtvinnun mismunabreyta (e. *intersectionality*), er mjög lýsandi fyrir þá gagnrýni sem mannfræðin fékk á sig, en á einnig við um mótun femínískrar mannfræði. Það að aðskilja þær breytur sem mynda sjálfsmynd eða að gera ráð fyrir að ákveðnar breytur skipti ekki máli, líkt og kyn eða húðlitur er í raun form misréttis. Svörtum kvenkyns mannfræðingum fannst þær einkum hafa verið skildar útundan innan fræðanna og þá sérstaklega innan femínískrar mannfræði. Irma McClaurin ritstýrði greinasafninu *Black Feminist Anthropology* árið 2001 sem var ætlað sem svar við þeirri þöggun sem svartar konur hafa glímt við innan mannfræðinnar. Gagnrýnin beindist að því að svartar konur séu útskúfaðar úr sögu mannfræðinnar og svo aftur við endurskoðun hennar og í mótun femínískra fræða. Þetta virðist í raun vera endurtekning á þeirri baráttu sem konur í mannfræði hafa átt í, sem og konur almennt í sinni réttindabaráttu í gegnum söguna. Sögulegt samhengi skiptir því gríðarlega miklu máli.

Vald og þöggun eru náskyld hugtök sem eiga margt sameiginlegt í uppbyggingu. Ardener (1975) var fyrstur til að setja fram hugtakið þöggun en Susan Gal (1989) taldi hugtakið vera form valds sem mætti greina í gegnum orðræðu, en hún var á því máli að tungumál væri kynjað og þöggun því kynjuð orðræða. Þöggunarkenningin þykir ekki mjög róttæk í dag og hefur jafnvel verið talin of einföld kenning. Aftur á móti telur Cheris Kramarae (2005) þörf á að endurvekja áherslu á tungumál sem part af vandamáli þöggunar og misréttis í femínískum rannsóknum, því misrétti endurspeglast í tungumálanotkun og orðræðu. Áhugavert er að skoða mál Kramarae út frá orðum Wolf (1990), en hann telur fræðimenn vera hrædda við hugtakið vald og í raun ekki þora að skoða mikið meira en yfirborðið á hugtakinu, og það sama mætti segja um hugtakið þöggun. Hvítleiki, forréttindi og kynþáttabundið dulmál eru allt fyrirbæri sem á einhvern hátt tengjast þöggun og valdamisrétti. Pollock (2004) setur fram hugtakið kynþáttabundið dulmál sem í raun og veru er ekki ósvipað þeirri orðræðu tengdri valdatengslum sem Gal (1989) talar um, nema að í stað þess að orðræðan sé kynjuð, er hún bundin kynþætti. Kraemer (2005) segir mikilvægt að

nota þöggunarkenninguna bæði í rannsóknum á konum sem og öðrum minnihlutahópum, en það er ekki erfitt að túlka bæði hvítleika og annarskonar forréttindi sem framlengingu á þöggunarhugtakinu. Þannig að í stað þess að tala um þöggun kvenna er hægt að talað um þaggaða hópa.

Rannsóknir Castagno (2008) og Fields (2005) endurspeglar að miklu leyti það sem fjallað hefur verið um í ritgerðinni. Hvítleiki er að miklu leyti stofnanabundinn og virðist vera inngróinn í skólakerfið í Bandaríkjunum – og eins og kom fram í rannsókn Castagno, að mestu ómeðvitaður. Þetta sést einnig á rannsóknum og greinum Bolles (2013), Gregory (2001) og Hoodfar (1992) sem einblína sérstaklega á mannfræði innan háskólanna. Þó svo að lítið hafi verið fjallað um pólitíska hagfræði í þessari ritgerð virðist hugtakið vera mjög samtvinnað skólastofnunum, einkum í tengslum við umræðu Landson-Billings og Tate IV (1995) um tengsl eignarréttar við ríkisrekna skóla í Bandaríkjunum.

Þöggun virðist enn vera mjög mikið vandamál í háskólum og þá einnig innan mannfræðinnar. Það virðist þó að miklu leyti byggjast á forréttindum sem eru ómeðvituð af hálfu þeirra sem þau hafa. Femínísk mannfræði hefur gert grein fyrir hversu erfitt að vera kona í fræðasamfélaginu, en þar sem greinin byggðist að mestu leyti upp af hvítum menntuðum konum, voru svartar konur og konur úr öðrum minnihlutahópum nánast algerlega útilokaðar frá þessari uppbyggingu. Bolles (2013) og Gregory (2001) gera grein fyrir því að það geti verið sérstaklega erfitt að vera svört kona innan háskólastofnana og Bolles er sérstaklega gagnrýnin í garð mannfræðinnar. Lutz (1990) og Bolles tala um mikilvægi heimilda og vitnana. Vitað er að konur vitna meira í konur en vandamálið leysist ekki þar því eins og fyrr hefur komið fram hafa femínísk fræði og kvennamannfræði verið gagnrýnd fyrir hversu lítið svartar konur og þeirra álit, efni og kenningar komi fram í fræðunum sem og almennt í akademíunni. Hoodfar (1992) talar að miklu leyti út frá eigin reynslu og þó svo að grein hennar sé gefin út rúmlega tuttugu árum á undan grein Bolles, hugsá ég að lítið hafi breyst hvað varðar hegðun í garð múslimskra kvenna í akademíunni, þá sérstaklega í kjölfar atburðanna 11. september 2001.

Í þessari ritgerð var lögð áhersla á þá þróun sem átti sér stað innan mannfræðinnar í Bandaríkjunum og svo frekari áhersla lögð á svartar konur í Bandaríkjunum, þó svo að rannsóknir og efni annarsstaðar frá hafi verið notað. Þessi ákvörðun var mjög meðvituð því þrátt fyrir þá þöggun sem svartar konur verða mjög greinilega fyrir, er meira magn efnis að finna sem við kemur afró-amerísku (e. *african-american*) samfélagi og sögu í mannfræði en er hægt að finna frá og um aðra minnihlutahópa í Bandaríkjunum og öðrum vestrænum samfélögum.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru því nokkuð augljósar; þó ekki sé beint hægt að segja konur vera þaggaðan hóp innan mannfræðinnar, er þó greinilegt að hluti kvenna er þaggaður. Svartir kvenkyns frumkvöðlar voru í fyrstu algjörlega útskúfaðir úr mannfræði en síðar einnig við tilkomu femínískra fræða. Þetta virðist lítið hafa lagast í dag þar sem Bolles og Gregory greina báðar frá ýmsum hindrunum sem svartar konur glíma við daglega í fræðasamfélaginu. Þó svo að femínísk mannfræði hafi aðeins opnað fagið fyrir ákveðnum hóp kvenna, er ekki hægt að segja að fagið hafi þaggað algjörlega konur úr minnihlutahópum. Það er þó greinilegt er að lítið tillit hafi verið tekið til samvinnunar mismunabreyta og margt aðeins skoðað út frá sjónarhorni hvítra, menntaðra kvenna sem að miklu leyti voru í mikilli forréttindastöðu. Niðurstöður ritgerðarinnar sýna einnig skýra tilhneigingu kerfisbundinnar og ómeðvitaðrar þöggunar, hvort sem það er í grunnskólum, háskólum eða aðeins innan mannfræðinnar. Mest kom á óvart hversu mikil áhrif hvítleiki og forréttindi hafa og virðast vera algerlega samvinnuð skólastofnunum. Það virðist hins vegar erfiðast fyrir þá sem hafa mestu forréttindin að gera sér grein fyrir þeim forréttindum sem þeir hafa og hvaða áhrif þeir gætu haft á samfélagið. Háskóli er stigveldi sem virðist að miklu leyti byggt á forréttindum, þar sem auðveldast er fyrir hvíta karlmenn að vinna sig upp. Því myndi það einungis stuðla að fjölbreytni fræðanna og framþróun ef fleiri hópar kæmst að.

Það er því greinilegt að þöggun er viðvarandi vandamál bæði innan og utan háskólasamfélagsins þó svo að sú birtingarmynd sem þöggun hefur í dag sé

ekki sú sama og fyrir þrjátíu árum. Þöggun er vítt hugtak sem er hægt er að túlka á mismunandi vegu eftir samhengi og er þöggunarkenningin því enn notuð í dag, en birtist í formi annarra hugtaka og kenninga. Framþróun til jafnréttis er hæg en hún færir þó áfram og er hægt að finna von í því að aukin umræða brjóti þöggunina niður.

Heimildaskrá

- Ardener, E. (1975a). Belief and the problem of women. Í Ardener, S. (Ritstjóri), í *Perceiving Women* (bls. 1-17). London: Malaby Press.
- Ardener, E. (1975b). The 'problem' revisited. Í Ardener, S. (Ritstjóri), í *Perceiving Women* (bls. 19-27). London: Malaby Press.
- Ardener, S. (1975). *Perceiving Women*. London: Malaby Press.
- Bolles, L. (2001). Seeking the ancestors. Í I. McClaurin (ritstjóri), í *Black Feminist Anthropology: Theory, Politics, Praxis and Poetics* (bls. 24-48). New Brunswick: Rutgers University Press.
- Bolles, Lynn. (2013). Telling the Story Straight: Black Feminist Intellectual Thought in Anthropology. *Transforming Anthropology*, 21(1), bls. 57-71.
- Castagno, A. E. (2008). "I don't want to hear that!": Legitimizing whiteness through silence in schools. *Anthropology & Education Quarterly*, 39(3), bls. 314–333.
- Crenshaw, K. (1989). Demarginalizing the intersection of race and sex: A black feminist critique of antidiscrimination doctrine, feminist theory and antiracist politics. *The University of Chicago Legal Forum*, 140, bls. 139-167.
- Di Leonardo, M. (1993). What difference political economy makes: Feminist anthropology in the postmodern era. *Anthropological Quarterly*, 66(2), bls. 76-80.
- Fields, J. (2005). „Children having children“: Race, innocence, and sexuality education. *Social Problems*, 52(4), bls. 549-571.
- Fine, M. (2004). Witnessing whiteness/gathering intelligence. Í Fine, M., Weis, L., Powell, L. og Burns, A. (ritstj.) *Off white: Readings on Power, Privilege and Resistance. Second Edition* (bls. 245- 257). New York: Routledge.
- Foley, D. (2010). The rise of class culture theory in educational anthropology. *Anthropology & Education Quarterly*, 41(3), bls. 215–227.

- Gal, S. (1989). Between speech and silence: The problematics of research in language and gender. *IPrA Papers in Pragmatics*, 3(1), bls. 1-38.
- Gill, R. (2009). Breaking the silence: The hidden injuries of neo-liberal academia. Í Flood, R. & Gill, R. (ritstj.), *Secrecy and Silence in the Research Process: Feminist Reflections* (bls. 228-244). London: Routledge.
- Gregory, S. T. (2001). Black faculty women in the academy: History, status and future. *The Journal of Negro Education*, 70(3), bls. 124-138.
- Hartigan, J., Jr. (1997). Establishing the fact of whiteness. *American Anthropologist* 99 (3), bls. 495-505.
- Hoodfar, H. (1992). Feminist anthropology and critical pedagogy: The anthropology of classrooms' excluded voices. *Canadian Journal of Education*, 17(3), bls. 303-320.
- Kramarae, C. (2005). Muted group theory and communication: Asking dangerous questions. *Women and Language*, 28(2), bls. 55-61.
- Kurtz, D. V. (2001). *Political Anthropology: Power and Paradigms*. Colorado: Westview Press.
- Ladson-Billings, G. og Tate IV, W. F. (1995). Toward a critical race theory of education. *Teachers College Record*, 97(1), bls. 47-68.
- Levinson, B. og Holland, D. (1996). The cultural production of the educated person: An introduction. Í B. Levinson, D. Foley og D. Holland (ritstj.) *The Cultural Production of the Educated Person: Critical Ethnographies of Schooling and Local Practice* (bls. 1-56). Albany: State University of New York Press
- Lewin, E. (2006). Introduction. Í E. Lewin (ritstjóri), *Feminist anthropology: A reader* (bls. 1-38). Oxford: Blackwell.
- Lutz, C. (1990). The erasure of women's writing in sociocultural anthropology. *American Ethnologist*, 17(4), bls. 611-627.

- McClaurin, I. (2001). Introduction: Forging a theory, politics, praxis and poetics of black feminist anthropology. Í I. McClaurin (ritstj.), Í *Black Feminist Anthropology: Theory, Politics, Praxis and Poetics* (bls. 1-24). New Brunswick: Rutgers University Press.
- McClaurin, I. (2001). *Black Feminist Anhtropology: Theory, Politics, Praxis and Poetics*. New Brunswick: Rutgers University Press.
- McGee, R. & Warms, R. (ritstj.) (2008). *Anthropological theory: an introductory history*. New York: McGraw-Hill.
- McIntosh, P. (1988). *White privilege and male privilege: A personal account of coming to see correspondences through work in women's studies*. Wellesley: Center for Research on Women.
- Mohanty, C. T. (1986). „Under western eyes: Feminist scholarship and colonial discourses“. *Boundary 2*, 12 (3), bls. 333-358.
- Moore, H. L. (1988). *Feminism and Anthropology*. Cambridge: Polity Press.
- Ortner, S. B. (1974). Is female to male as nature is to culture? Í Rosaldo, M. Z. og Lamphere, L. (ritstj.), *Woman, Culture, and Society* (bls. 68-87). Stanford: Stanford University Press.
- Pollock, M. (2004). *Colormute: Race talk dilemmas in American school*. New Jersey: Princeton University Press.
- Reiter, R. R. (1975). Introduction. Í R. R. Reiter (ritstj.), *Toward an Anthropology of Women* (bls. 11-19). New York: Monthly Review Press.
- Reiter, R. R. (1975). *Toward an Anthropology of Women*. New York: Monthly Review Press.
- Rosaldo, M. Z. og Lamphere, L. (ritstj.). (1974). *Woman, Culture & Society*. Stanford: Stanford University Press.
- Rubin, G. (1975). The traffic in women: Notes on the “political economy” of sex. Í R. R. Reiter (ritstj.), *Toward an Anthropology of Women*, (bls. 157– 210). New York: Monthly Review Press.

- Sesko, A. and Biernat, M. (2010). Prototypes of race and gender: The invisibility of black women. *Journal of Experimental Social Psychology*, 46(2): bls. 356-360.
- Slocum, S. (2008). Woman the gatherer: male bias in anthropology (1975). Í J. McGee og R. Warms (ritstj.) *Anthropological theory: an introductory history* (bls. 435-443). New York: McGraw-Hill.
- Strathern, M. (1981). Culture in a netbag: The manufacture of a subdiscipline in anthropology. *Man* 16(4), bls. 665-688.
- Strathern, M. (1983, 5.-18. maí). The punishment of Margaret Mead. *London Review of Books*, 5(8), bls. 5-6.
- Weiner, A. B. (1988). *The Trobrianders of Papua New Guinea*. New York: Holt. Rinehart & Winston.
- Wolf, E. R. (1990). Facing power: Old insights, new questions. *American Anthropologist*, New Series, 92 (3), bls. 586 -596.